



ÁRSSKÝRSLA 2013

Í þessari skýrslu er fjallað um hvernig staðið hefur verið að því að uppfylla samning milli Menntaskólans í Reykjavík og Menntamálaráðuneytisins fyrir árið 2013.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Sameiginlegur fermetrafjöldi allra bygginga skólans er rúmlega 4700. Starfsemi skólans er í 10 byggingum þ.e. Gamli skólinn (aðalbyggingin), Fjósið, Casa Christí, Casa Nova, Tengibygging, Elísabetarhús, Amtmannsstígur, Ípróttahús, Ípaka og Villa Nova. Fasteignir ríkissjóðs tóku við viðhaldi MR 1. september 2011. Ípróttastaða, bókasafnsstaða og mötuneytisaðstaða bæði nemenda og starfsfólks gerir skólayfirvöldum ókleift að sinna lögboðnum skyldum á þessum sviðum. Meðaltalsfjöldi nemenda á vormisseri og haustmisseri var 903 nemendur. Fjöldi starfsmanna var 105.

Nemendafjöldi á vormisseri eftir sveitarfélögum

| | 6. bekkur | 5. bekkur | 4. bekkur | 3. bekkur | Alls | |
|----------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|--------|----|
| | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | % |
| Reykjavík | 134 | 109 | 115 | 152 | 510 | 56 |
| Seltjarnarnes | 18 | 9 | 8 | 15 | 50 | 5 |
| Hafnarfjörður | 19 | 17 | 36 | 24 | 96 | 11 |
| Kópavogur | 26 | 23 | 22 | 26 | 97 | 11 |
| Garðabær og Álftanes | 22 | 27 | 18 | 18 | 85 | 9 |
| Mosfellsbær | 8 | 6 | 7 | 16 | 37 | 4 |
| Aðrir | 7 | 8 | 8 | 12 | 35 | 4 |
| Alls | 234 | 199 | 214 | 263 | 910 | |

Nemendafjöldi á haustmisseri eftir sveitarfélögum

| | 6. bekkur | | 5. bekkur | | 4. bekkur | | 3. bekkur | | Alls | |
|----------------------|-----------|--------|-----------|--------|-----------|--------|-----------|--------|------|--|
| | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | % | |
| Reykjavík | 109 | 97 | 144 | 142 | 492 | 55 | | | | |
| Seltjarnarnes | 9 | 7 | 17 | 10 | 43 | 5 | | | | |
| Hafnarfjörður | 14 | 29 | 25 | 33 | 101 | 11 | | | | |
| Kópavogur | 22 | 21 | 23 | 28 | 94 | 11 | | | | |
| Garðabær og Álftanes | 26 | 16 | 18 | 36 | 96 | 11 | | | | |
| Mosfellsbær | 5 | 6 | 15 | 4 | 30 | 3 | | | | |
| Aðrir | 9 | 10 | 11 | 9 | 39 | 4 | | | | |
| Alls | 194 | 186 | 253 | 262 | 895 | | | | | |

Námsframboð:

Skólinn bauð upp á nám á tveimur brautum til stúdentsprófs: náttúrufræðibraut og málabraut. Skólaárið 2012-2013 er tíunda skólaárið þar sem námsframboð í öllum bekkjum er miðað við nýja aðalnámskrá frá 1999. Á fyrstu tveimur árum er að mestu kenndar námsgreinar í kjarna á mála- og náttúrufræðabrautum. Í 5. og 6. bekk skiptast brautirnar þannig að á náttúrufræðibraut eru í boði eðlisfræðideild I, eðlifræðideild II, náttúrufræðideild I og náttúrufræðideild II. Á málabraut er skiptingin í formáladeild I, formáladeild II, nýmáladeild I og nýmáladeild II.

Nemendafjöldi á vormisseri eftir kynjum og brautum/deildum

| | 6. bekkur | | | | 5. bekkur | | | | 4. bekkur | | 3. bekkur | | Alls |
|---------|-----------|-----|-----|-----|-----------|-----|-----|-----|-----------|-----|-----------|-----|------|
| | Forn | Ným | Eðl | Nát | Forn | Ným | Eðl | Nát | Mál | Nát | Mál | Nát | |
| Piltar | 8 | 6 | 51 | 43 | 10 | 2 | 26 | 39 | 12 | 105 | 22 | 98 | 422 |
| Stúlkur | 14 | 15 | 24 | 73 | 19 | 8 | 20 | 75 | 26 | 71 | 29 | 114 | 488 |
| Alls | 22 | 21 | 75 | 116 | 29 | 10 | 46 | 114 | 38 | 176 | 51 | 212 | 910 |

Nemendafjöldi á haustmisseri eftir kynjum og brautum/deildum

| | 6. bekkur | | | | 5. bekkur | | | | 4. bekkur | | 3. bekkur | | Alls |
|---------|-----------|-----|-----|-----|-----------|-----|-----|-----|-----------|-----|-----------|-----|------|
| | Forn | Ným | Eðl | Nát | Forn | Ným | Eðl | Nát | Mál | Nát | Mál | Nát | |
| Piltar | 9 | 2 | 26 | 40 | 0 | 8 | 40 | 45 | 25 | 93 | 17 | 86 | 391 |
| Stúlkur | 17 | 10 | 19 | 71 | 8 | 17 | 19 | 49 | 31 | 104 | 31 | 128 | 504 |
| Alls | 26 | 12 | 45 | 111 | 8 | 25 | 59 | 94 | 56 | 197 | 48 | 214 | 895 |

Framkvæmd markmiða:

Skólinn hefur sett ýmis markmið hin síðustu ár en oftar en ekki hafa þessi markmið strandað á húsnaðismálum skólans.

Skólinn setti sér markmið að efla stoðkerfi skólans. Það hefur ekki alveg gengið eftir þar sem fjárhagsstaða skólans í erfiðum niðurskurði hamlar því. Mikill áhugi er hjá starfsfólki skólans að koma betur á mótis við nemendur með greiningu til að þeir geti fengið lögboðna þjónustu í samræmi við sína greiningu. Þetta verður áfram eitt af aðalmarkmiðum skólans og er vonast til að samsetning nemenda við MR verði virt í fjárlögum til hans.

Skólaárið 2013-14 er boðið upp á fasta stoðtíma, nk. 0 áfanga, í stærðfræði og íslensku fyrir 3. bekkina til að koma á mótis við mismunandi undirbúning þeirra við upphaf skólagöngu hér.

Skólinn setti sér það markmið að efla stoðkerfi skólans og telur þau markmið vel á veg komin. Það byggist upp á öflugum samstarfi kennara, umsjónarkennara, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, forvarnarfulltrúa, stjórn foreldrafélagsins og skólastjórnar. Skólaárið 2013-14 er hjúkrunarfræðingur hluta úr degi alla skóladaga og er það aukning um 2 daga.

Skólinn setti sér það markmið að efla umsjónarkennslu og telur sig hafa náð því markmiði vel. Umsjónarkennarar eru í miklu samstarfi við aðra kennara umsjónarþekkingarinnar og er með fastan tíma fyrir umsjónarnemendur á stundatöflu.

Skólinn setti sér markmið að efla fjölbreytni og hollustu í mótuneyti nemenda. Það hefur gengið eftir að nokkru leyti og í sumar var gerð lagfæring á aðstöðu mótuneytis nemenda sem er verulega til bóta þótt enn sé langt í land að þjónustuaðstaða þeirra geti talist viðunandi.

Lengi hefur verið í undirbúningi að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli og var MR formlegur þátttakandi þann 7. nóvember sl.

Skólinn setti sér markmið að efla enn frekar þjónustu við nemendur af erlendum uppruna. Þessi þjónusta hefur tekist vel með fjárstuðningi frá ráðuneytinu og hafa þessir nemendur lýst ánægju sinni með þessa þjónustu.

Skólinn setti sér markmið að koma til mótis við nemendur sem hafa áhuga á að glíma við þrautalausnir í stærðfræði. Þetta verkefni hefur gengið eftir og hafa nemendur sýnt því mikinn áhuga. Einnig hafa nemendur úr öðrum framhaldsskólum sýnt áhuga á að fá að taka þátt í þessu verkefni. Starfsemin fer fram í nokkurs konar æfingabúðum í skólanum á laugardögum. En þetta verkefni krefst mikils undirbúnings og vinnu. Á undanförunum árum hafa stærðfræðikennarar skólans sótt um styrk til ráðuneytisins til að halda þessu verkefni áfram og þróa það enn frekar og nú á síðasta ári var sótt um styrk úr Sprotasjóði en styrkumsóknum hefur ávallt verið hafnað. Reynt verður enn og aftur að sækja um styrk til þessa verkefnis á yfirstandandi skólaári.

Skólinn hefur sett sér það markmið að efla verulega formálabraut sem er nú sú eina í boði í framhaldsskólum landsins. Skólinn hefur alltaf kappkostað að halda úti öflugri málabraut.

Nemendum á málabraut býðst m.a. að sækja nám á fornmáladeild þar sem nemendur sækja m.a. nám í latínu, forngrísku, fornfræði, málvísindum, heimspeki og leikhúsfræðum og öðlast þannig menntun í hinum klassísku fornvísindum. Fagstjóri og kennarar fornmáladeildar eru að vinna að eflingu brautarinnar sem mun verða í nýrri námskrá og er vonast til að ráðuneytið styrki skólann myndarlega til þess að unnt verði að bjóða upp á þessa sérstöðu sem hvergi er annars staðar í boði. Verður unnið að þessu markmið áfram og vonandi hægt að setja þetta fullgert í gang ekki seinna en skólaárið 2015-2016. Á síðastliðnu skólaári heiðraði frú Vigdís Finnbogadóttir fornmáladeild Menntaskólans í Reykjavík með því að gerast verndari hennar. Góð aðsókn var að máladeild skólans fyrir þetta skólaár og finnur starfsfólk fyrir auknum áhuga.

Umbótaáætlun eftir sjálfsmat:

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra sem ásamt gæðastjóra skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans. Í samræmi við skólasamning hefur verið útbúið sjálfsmatsskýrsla og sjálfsmatsáætlun sem er birt á heimasíðu skólans [Sjálfsmatsskýrslur og sjálfsmatsáætlanir Menntaskólans í Reykjavík](#)

Í 10. viku ársins var gerð kennslukönnun á meðal allra nemenda skólans. Síðastliðin tvö ár hefur könnunin verið gerð rafrænt í námskerfi skólans í hagræðingarskyni. Það hefur þótt takast nokkuð vel og því var ákveðið að hafa sama háttinn á að þessu sinni þó með þeirri breytingu að könnunin var heldur fyrr á árinu til að koma á móts við óskir kennara. Könnunin er nefnd Viðhorfskönnun í I. hluta hennar og snýr að kennslu og kennslustofu en Nám og líðan er í II. hluta. Sá hluti fjallar um nemendur sjálfa, líðan þeirra og þroska með vísan til nýrrar námskrár. Niðurstöður má sjá í [Sjálfsmatsskýrslunni 2012-13](#) [Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Reykjavík 2012-13](#)

Á undanförunum árum hefur verið sérstakt átak í gangi til að að greina nemendur með lestraröðugleika /lestraröskun og nú er samstarf milli Íslenskrar erfðagreiningar og Menntaskólans í Reykjavík um almenna skimun nemenda í 3. og 4. bekk. Er brýnt að finna farveg til að beina nemendum í ef grunur er um einhvers konar lesröskun. Full þörf er á samstarfi milli skóla og Menntamálaráðuneytisins um faglegt mat á erfiðleikum þeirra og hvernig megi aðstoða þá og gera kennurum kleift að sinna þeim eins og nemendum með sérþarfir í öðrum skólum. Þessum nemendum hefur verið boðið upp á sérstakt námskeið í stafsetningu og 30 mín. lengri próftíma á jóla- og vorprófum auk stöðtímanna sem eru í boði og eru nefndir hér að framan. Teljum við að auka þurfi þjónustu enn frekar við þessa nemendur í t.d. öllum stærri prófum og verkefnum. Hér er aðeins verið að tala um nemendur með lesröskun en mun fleiri nemendur eru með greiningu vegna ýmissa sérþarfa og er nauðsynlegt að huga að áætlun til að koma á móts við sérhvern þeirra og gera skólanum kleift að sinna þannig lögboðinni skyldu sinni. Fullur áhugi er í skólanum að vinna að þessu. Slík vinna krefst aukins fjármagns.

Niðurstöður jólaprófa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í upphafi vormisseris. Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkir í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaprófa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á

vormisseri er jólaprófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim sem ekki hefur gengið sem skyldi veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut.

Samstarf heimila og skóla er mikilvægur hlekkur í skólasterfinu. Einn liður í því samstarfi eru svokallaðar viðhorfskannanir forráðamanna nemenda þar sem stuðst er við forritið Questionpro.com. Könnunin fór að þessu sinni fram í febrúar 2013 og var send til allra forráðamanna nemenda skólans í 3. og 4. bekk skólans. Sömu spurningarnar voru lagðar fyrir báða árangra til að fá samanburð milli ára. Könnunin var opin í einn mánuð og þá kom í ljós að 99% forráðamanna 3. bekkjar höfðu svarað könnuninni og 99,3% forráðamanna 4. bekkjar.

Niðurstöður þessara kannana er að finna á heimsíðu skólans
[Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Reykjavík 2012-13](#)

Tímaáætlanir og viðfangsefni innra mats er að finna undir liðnum 2.2.1 í Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans í Reykjavík, 2013-2014 á heimasíðu skólans.
[Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans í Reykjavík 2013-14](#)

Úttektir:

Unnið hefur verið að úttekt á stærðfræðikennslu skólans ásamt fleiri framhaldsskólum. Úttektin er unnin af stærðfræðikennurum á háskólastigi bæði frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Skýrslan liggur ekki fyrir.

Afkoma, rekstrarstaða:

Rekstrartap ársins 2013 er 4,3 milljónir en uppsafnaður rekstrarafgangur er 10.9 milljónir. Í meðfylgjandi fylgiskjali er að finna rekstraryfirlit ársins 2013 (sjá í sérstakri pdf-skrá) og niðurstöður úr rekstraráætlun fyrir árið 2014.

Í rekstraráætlun eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

- a) Rekstrarstaðan er slæm eins og ráðuneytinu er kunnugt um. Ekki hefur enn verið ráðið í stöðu kerfisstjóra. Aðeins hefur verið farið í að endurnýja tölvubúnað skólans sem er úr sér genginn og allmarga skjávarpa hefur þurft að endurnýja vegna þess að skjáperan var útbrunnin. Það er sérstakt umhugsunarefni að ákvæði um tolla á ljósaperum í skjávarpa eru þannig að þerur skjávarpa eru það hátt tollaðir að það reynist ódýrara að endurnýja skjávarpa í stað skjáperunnar. Ljósritunarvélar skólans eru margar úrsér gengnar og á árinu hefur þurft að endurnýja tvær ljósritunarvélar og húsgögn í tvær kennslustofur. Því eru eignakaup á árinu hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Nemendahópum hefur verið hagrætt eins og kostur er með því að hafa þá eins stóra og kennslustofur leyfa og er nýting á kennsluhúsnæði komið yfir þölmörk. Töluvert hefur verið skorið niður af verkstjórnartímum, yfirvinna kennara hefur verið markvisst skorin niður og miðað er við 20% hámark nema í undantekninga-tilvikum. Aukið var starfshlutfall konrektors úr 90% í 100% og starfshlutfall kennslustjóra úr 50% í 75%. Bætt var í haust við aðstoðarmanni á bókasafni í hlutastarfi. Í samstarfi við Heilsugæslu Reykjavíkur er boðið upp á þjónustu

hjúkrunarfræðings við skólann á hverjum degi. Starfshlutfall þeirra var aukið um 10%. Ræstingum var sagt upp við verktakafyrirtæki í fyrra og nú sjá starfsmenn skólans um ræstingar og hefur hið nýja fyrirkomulag gefist vel en þrátt fyrir ákveðinn stofnkostnað virðist þetta fyrirkomulag ekki hafa haft í för með sér útgjaldaaukningu. Starfshlutfall hjá starfsmanni með viðhaldsmál var lækkað fyrir tveimur árum. Helgareftirlit umsjónarmanns var fellt niður í fyrra og má vera ljóst að það er skerðing í öryggismálum skólans og er alls ekki ásættanlegt. Skorin hefur verið niður kennsla umfram 140 einingar og takmörkuð verkleg kennsla raungreina. Þessi niðurskurður samsvaraði tæpum tveimur stöðugildum kennara. Til þessara ráðstafana var gripið í upphafi skólaárs 2011. Laun kennara skólans hafa á undanförunum árum verið verulega skert í gegnum stofnanasamninga en grípa hefur þurft endurtekið til skerðinga á kjörum starfsmanna sem hefur valdið mikilli óánægju innan kennarahópsins þrátt fyrir að reynt hafa verið að lágmarka þær skerðingar að teknu tilliti til fjárheimilda skólans.

- b) Rekstrarafgangur um áramót 2012/13 var um 15,2 millj. og um síðustu áramót er áætlaður uppsafnaður rekstrarafgangur um 10,9 millj. en þaraf er um 3,8 millj. kr. styrkur sem skólinn fékk til endurskoðunar á skólanámskrá sem áætlað er að verði nýttur á vormisseri 2014. Rekstrarafgangur á árinu 2014 verður væntanlega neikvæður þrátt fyrir að allur rekstrarafgangur síðasta árs verði fullnýttur.
- c) Það voru mikil vonbrigði að sjá útreikninga varðandi MR í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 og alveg ljóst að það er útilokað að miða rekstur skólans við tillögur fjárlagafrumvarps án þess að skerða nemendafjölda eða minnka kennslumagn og þar með í raun kippa stöðum undan markvissri starfsemi skólans og gera honum kleift að verða við vonum þeirra nemenda sem hingað sækja. Það er mikil þörf á að skólinn fái ívilnun með hærra rekstrarframlagi. Rekstrarskilyrði eru erfið þar sem kennt er í litlum kennslustofum og húsnæðið er í mörgum byggingum sem veldur háum rekstrarkosntaði á mörgum rekstrarliðum eins og t.d. ræstingu og kyndingu og er þar ólíku saman að jafna ef húsnæðið væri allt undir einu þaki.
- d) Auk þess skal það nefnt hér að fagstjóri og íþróttakennarar skólans sendu rektor í fyrra greinargerð vegna íþróttastöðunnar. Í þeirri greinargerð er m.a. nefnt að íþróttasalurinn rúmar 10-15 nemendur til kennslu en flestir bekkir eru með 25-28 nemendur (eftir stærð skólastofa) Búningsherbergi, tröppur við íþróttasalinn, anddyrið og allt nærumhverfið er notað til að mæta þessu aðstöðuleysi. Má ljóst vera að þetta er hvorki ásættanlegt fyrir nemendur né kennara, auk þess sem erfitt eða vonlítið er að halda uppi viðurkenndum öryggisreglum í íþróttaiðkun við þessar aðstæður. Sturtuadstaðan er óviðunandi og geymsluhúsnæði fyrir tækjakost takmarkaður sem kemur niður á kennslunni. Útibúningsherbergi er þannig að mjög lágt er til lofts og ekki boðlegt fyrir meðalstóran nemanda að vera þar. Reynir fólk að halda ró sinni í þeirri von að farið verði í þær framkvæmdir sem fyrst sem geti breytt þessu ástandi en í fyrra var embættismönnum mennta- og menningarmálaráðherra boðið í heimsókn í skólann til að kynna sér þessar aðstæður.
- e) Í fyrra gerði Vinnueftirlitið og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar athugasemdir við þá aðstöðu sem starfsmönnum er boðið upp á varðandi mötuneyti starfsmanna. Unnið er að bráðabirgðalausn í samráði við Fasteignir ríkissjóðs. Við skólann starfa tæplega hundrað starfsmenn og öllum er ljóst að þessi þrönga aðstaða getur aldrei orðið framtíðarlausn fyrir skólann. Það eru ekki margar ríkisstofnanir sem búa starfsmönnum sínum jafn þröngan kost. Það er því ljóst að varanleg lausn fæst ekki fyrr en ráðist verður í þær nýbyggingar sem áformað er byggja við skólann en

- hönnun og undirbúningur til útboðs liggur fyrir í ráðuneytinu.
- f) Vinnueftirlitið, heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar og í eftirlitsskýrslu Slökkviliðs Reykjavíkur með eftirlitum brunavarna hefur árum saman verið gerð athugasemd um óviðunandi flóttaleiðir af Lestrarsal Íþöku. Málinu hefur verið vísað sem einu af forgangsmálum skólans í endurbótum og viðhaldi á húsnæði skólans og er til umfjöllunar hjá Fasteignum ríkissjóðs.
 - g) Í fjárlögum er gert ráð fyrir 905 ársnemendum. Það er ljóst að nauðsynlegt verður að hætta að kenna í litlum kennslustofum þar sem kennsla í þeim er hlutfallslega dýrari en til að það takist þarf að fækka nemendum skólans. Rétt er að ítreka að kennslustofur skólans eru almennt þröngar og því óhægt um vik að hagræða frekar.
 - h) Nú þegar er búið að nýta alla möguleika til sparnaðar.
 - i) Innritunargjöld voru kr. 12.000 sl. haust. Æskilegt væri að rýmka þá heimild enn frekar og hækka innritunargjöld.
 - j) Námsval nemenda verður takmarkað og deildir felldar niður náist ekki lágmarksfjöldi. Takmarka þarf námsframboð einkum í framboði valgreina til að draga úr launakostnaði vegna kennslu.
 - k) Eitt árið enn voru nemendur MR reiknaðir lægstir eins og vikið er að í c)-lið og eru það stjórnendum skólans mikil vonbrigði þar sem þeir töldu að fyrirheit hafi verið gefin um að tekið yrði tillit til húsnæðisþáttar skólans og þá stoðþjónustu sem nemendum skólans stendur til boða. Hér eru 2 brautir og innan þeirra 8 deildir. MR býður upp á sterka náttúrufræðibraut með 4 deildum og öfluga málabraut með 4 deildum og mér virðist að hér sé nú eina starfandi fornmáladeildin á framhaldsskólastigi auk þess sem mjög fjölbreytilegt val í félagsgreinum er innan nýmálabrauta.

Samsetning nemenda við MR er ekkert öðru vísi en í öðrum skólum. Á haustmisseri voru í MR rúmlega hundrað nemendur af 895 nemendum sem þurfa á einhvers konar séraðstoð að halda. Hér fylgir með listi sem námsráðgjafar hafa tekið saman og rétt að geta þess að þessum hundrað nemendum fylgja greiningar (frá sömu greinendum og greina nemendur í öðrum skólum)

Sértækir námsörðugleikar:

- 41 Lesblindir
- 5 Annað móðurmál en íslenska
- 11 Löng dvöl erlendis
- 33 Hamlandi prófkvíði

Taugasálfræðileg vandkvæði:

- 9 ADHD
- 1 Tourette
- 1 Drómasýki
- 2 Migreni

Stoðkerfisvandamál:

- 2 Gigt

Langvarandi veikindi / skerðing

- 2 Sjónskerðing

Við skólann starfa 2 námsráðgjafar í skertum stöðum eða samtals 160%. Álagið hjá þeim hefur verið út yfir öll þolmörk. Þessa staðreynd tel ég að verði að taka tillit til í útreikningi á kostnaðarverði hvers ársnemanda. Ég tel einnig rétt að benda á að skólinn heldur úti stöðtímum fyrir nemendur í íslensku, stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði og latínu. Í vetur voru stöðtímar í íslensku og stærðfræði fyrir nemendur 3. bekkjar skilgreindir sem sérstakir áfangar með samþykki ráðuneytisins og koma nú í fyrsta sinn inn í áfangalista skólans. Auk námsráðgjafa eru hér starfandi nemendaráðgjafar sem eru valdir úr hópi nemenda í efri bekkjum til aðstoðar nemendum í yngri bekkjunum n.k. jafningjaþjónusta og teljum við þá þjónustu verulega skilvirka.

Brottfall

Í vor gengu alls 910 nemendur undir próf, 676 remanentar, þ.e. nemendur í 3.-5. bekk, sem eru þrjár fyrstu bekkir skólans, og 234 dimittendi, þ.e. stúdentsefni á 4. ári. Í vor voru brautskráðir 233 stúdentar. Af 676 remanentum stóðst 471 athugasemda-laust, en 170 þurftu að endurtaka próf í einstökum greinum til að fullnægja skilyrðinu um lágmarkseinkunnina 4 í einstökum námgreinum. 94% nemenda, sem hófu nám sl. haust, hafa staðist próf, en þetta er mjög góður árangur. Þannig hafa því 7% nemenda sem hófu nám sl. haust hætt námi eða ekki staðist próf. Í fyrra var þetta hlutfall 9%, í hittifyrra 7% og 6% árið þar áður. Þetta er svipaður árangur undanfarin fjögur ár. Í vor gengu 910 nemendur undir próf, en 54 nemendur stóðust ekki próf eða 5,9% og er þetta fall svipað og hin síðari ár. Tilsvarandi tölur árið áður var 47 nemendur sem stóðust ekki próf eða 5,4% af 894. Ef gengið er út frá innritunartölum haustsins er brottfallið sem hér segir:

| Haust | Innritun | Fjöldi í vorpróf | Fall á prófum | % | Brottfall | % |
|-------|----------|------------------|---------------|-------|-----------|-------|
| 1999 | 830 | 773 | 61 | 7,9% | 118 | 14,2% |
| 2000 | 749 | 727 | 80 | 11,0% | 102 | 13,6% |
| 2001 | 747 | 712 | 62 | 8,7% | 97 | 13,0% |
| 2002 | 779 | 757 | 88 | 11,6% | 110 | 14,1% |
| 2003 | 814 | 785 | 47 | 6,0% | 76 | 9,3% |
| 2004 | 840 | 826 | 53 | 6,4% | 67 | 8,0% |
| 2005 | 850 | 825 | 23 | 2,8% | 48 | 5,6% |
| 2006 | 865 | 852 | 65 | 7,6% | 78 | 9,0% |
| 2007 | 877 | 861 | 45 | 5,2% | 61 | 7,0% |
| 2008 | 853 | 845 | 41 | 4,9% | 49 | 5,7% |
| 2009 | 905 | 891 | 44 | 4,9% | 58 | 6,4% |
| 2010 | 876 | 863 | 47 | 5,4% | 60 | 6,8% |
| 2011 | 894 | 863 | 47 | 5,4% | 78 | 8,7% |
| 2012 | 919 | 910 | 54 | 5,9% | 63 | 6,8% |
| 2013 | 897 | | | | | |

Innritaðir nemendur í skólann um haustið voru 897 og skiluðu sér 896 til náms. Í árslok voru í skólanum 895 nemendur.

Skólinn leitar leiða til að vinna gegn brottfalli með námsráðgjöf og umsjón með námshópum. Á undanförunum árum hefur verið gert sérstakt átak í að greina nemendur með lesröskun (áður er minnst á samstarf Íslenskrar erfðagreiningar og MR). Er brýnt að finna farveg til að beina nemendum í ef grunur er um lestrarörðugleika og/eða aðrar sérþarfir. Full þörf er á samstarfi milli skóla og Menntamálaráðuneytisins um faglegt mat á erfiðleikum þeirra og hvernig megi aðstoða þá og gera kennurum kleift að sinna þeim eins og nemendum með sérþarfir í öðrum skólum. Hér er boðið upp á stoðtíma í íslensku í 3. bekk, stærðfræði í 3. og 4. bekk, efnafræði í 4. bekk og latínu í 5. og 6. bekk. Nauðsynlegt er að halda áfram að vinna að áætlun til að koma á móts við sérhvern nemenda og gera skólanum kleift að sinna þannig lögboðinni skyldu sinni. Fjárskortur hamlar verulega að koma þessum málum í ásættanlegt horf.

Skólinn fékk styrk til að aðstoða nemendur sem eru með erlent ríkisfang eða hafa dvalist um langan tíma erlendis. Þeim nemendum stendur til boða vikulegir stoðtímar þar sem þeir fá aðstoð í náminu. Ráðuneytið hefur styrkt þetta og er mikil ánægja hjá nemendum sem þiggja þessa þjónustu.

Skólayfirvöld veita utanskólanemendum og óreglulegum nemendum mikið aðhald. Skýr ákvæði eru í skólareglum um slíkt nám. Gerður var sérstakur samningur við hvern nemanda sem sótti um að stunda nám utan skóla eða sem óreglulegur nemandi. Í þeim samningi eru talin upp ákvæði og skilyrði fyrir slíku námi. Þar er að finna ákvæði um lágmarksviðveruhlutfall í verklegu námi og símatsáföngum. Jafnframt var skilyrt að nemendur yrðu að standast jólaþróf til að samningur héldi til vors. 9 nemendur hafa fengið að sækja skólann skv. þessum reglum skólaárið 2013-2014. Hins vegar kallar svona fyrirkomulag á verulega endurskoðun þar sem allt utanumhald er of kostnaðarsamt á svona niðurskurðatímum.

Stjórnun:

Yfirstjórn skólans mynda:

Rektor

Konrektor (100% starfshlutfall)

Kennslustjóri (75% starfshlutfall, hefur sambærilega starfslýsingu og áfangastjóri í áfangaskólum)

Eftirfarandi verkefnastjórar voru ráðnir til árs:

Prófstjóri

Gæðastjóri

Umsjónarmaður kennslukerfis

Vefstjóri með umsjón með gerð nýrrar heimasíðu skólans

Umsjónarmaður með námskrá

Til eins árs eru ráðnir:

Félagsmálafulltrúi

Forvarnarfulltrúi

Reynt hefur verið að halda stjórnun skólans í algjöru lágmarki vegna fjárhagsstöðu skólans. Við samanburð í yfirstjórnun við aðra skóla verður þetta alveg ljóst. Sú ákvörðun var tekin

sl. sumar að hækka stöðu konrektors úr 90% í 100% og stöðu kennslustjóra úr 50% í 75%. Í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis var ákveðið að auka þjónustu hjúkrunarfræðings við skólann úr 50% starfshlutfalli í 70%. Þá er ljóst að nauðsynlegt verður að ráða fjármálastjóra í 50% stöðu að minnsta kosti.

Samvinna við aðra:

Námskynningar eru haldnar á vormisseri fyrir alla skóla á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Eins er haldið opið hús fyrir nemendur 10. bekkja. Þar fer fram ítarleg kynning á skólanum og því námsframboði sem er hér.

Þá var námsráðgjöfum grunnskóla Stór-Reykjavíkursvæðisins boðið í skólann haustið 2012 á kynningu á starfsemi skólans. Var góð aðsókn að þeim fundi og stendur til að reyna að halda slíkan fund helst annað hvert ár.

Á undanförunum árum hefur samstarf milli skólans og nokkurra grunnskóla í hverfinu verið eft. Á árinu 2002 hófst samstarf við Hagaskóla og Valhúsaskóla en árið eftir bættust Austurbæjarskóli, Hlíðaskóli og Landakotsskóli við. Ákveðið var að halda stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanemendur með því markmiði að efla áhuga nemenda í grunnskóla á stærðfræði og auka samstarf við grunnskóla. Keppnin var fyrstu árin haldin í samstarfi við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Að þessu sinni bættust við nemendur frá fleiri grunnskólum. Arionbanki var fjárhagslegur stuðningsaðili keppinnar með því að gefa verðlaunaféð. Stærðfræðikeppnin var haldin 13. mars í þremur stigum, keppni fyrir 8. bekk, 9. bekk og 10. bekk. Til leiks komu 9 nemendur úr Austurbæjarskóla, 6 úr Háaleitisskóla, 4 úr Árbæjarskóla, 22 úr Foldaskóla, 30 úr Hagaskóla, 30 úr Háteigsskóla, 8 úr Hlíðaskóla, 11 úr Kársnesskóla, 9 úr Landakotsskóla, 44 úr Valhúsaskóla, Breiðholtsskóli 3, og 14 úr Vogaskóla, Tjarnarskóli 9 og Varmárskóli 2 eða alls 201 nemanda. Til gamans má geta þess að keppendur voru 67 fyrsta árið sem keppnin var haldin hér en árið 2012 var slegið met því aldrei áður hafa komið nemendur frá jafnmörgum skólum eða 18 skólum og voru þátttakendur alls 341. Keppnin er orðin vinsæl í skólunum. 10 efstu á hverju stigi ásamt fjölskyldum þeirra var boðið til kaffisamsætis og verðlaunaafhendingar á Hátíðasal þar sem þeir fengu viðurkenningarskjal frá skólanum og þrjár efstu á hverju stigi fengu verðlaun frá Arionbanka sem hér segir:

1. verðlaun kr. 20.000,-
2. verðlaun kr. 15.000,-
3. verðlaun kr. 10.000,-

Þess má geta að nemendur annarra framhaldsskóla í Reykjavík, þar sem ekki hefur verið í boði latína, gríska, fornfræði og málvísindi hafa fengið að sækja hér tíma og hefur gefist vel.

Sérstakar áherslur / sérsvið skólans:

Menntaskólinn í Reykjavík á sér langa sögu og margar hefðir sem starfsmenn skólans leggja sig fram um að hlúa að í samstarfi við nemendur skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík er bóknámsskóli til 4 ára. Boðið er upp á markvisst og öflugt nám á tveimur brautum, náttúrufræðibraut og málabraut sem síðan skiptist í deildir með ólíkum áherslum. Skólinn á í góðu samstarfi við viðtökuskóla nemenda og reynir að uppfylla þær kröfur sem þar eru settar um undirbúning til frekari náms.

Menntaskólinn í Reykjavík er nú eini skólinn á landinu sem býður upp á sérstaka fornmaladeild og hefur mikinn hug á að efla hana enn frekar og styrkja hana í sessi og er undirbúningsvinna hafin vegna þessa í komandi námskrá.

Eins hafa nokkrir starfsmenn við skólann viðrað hugmynd á námsframboði í raungreinum á 4. þrepi sem gæti nýst stúdentum sem þurfa viðbótarmentun í þessum greinum.

Viðtökuskólar hafa lýst yfir ánægju með undirbúning í þessum greinum hér og teljum við að skólinn búi yfir vel menntuðu og sterku teymi til að geta farið af stað með þetta námstilboð sem og afar góða aðstöðu til verklegrar kennslu. Slíkt yrði að vera í samstarfi við Menntamálaráðuneytið.

Þá hefur skólinn sótt um það til Menntamálaráðuneytisins að fá að taka inn nemendur úr 9. bekk grunnskólans að undangengnu inntökuprófi. Eru vonir bundnar við að skólinn fái jákvætt svar við þessari umsókn.

Menntaskólinn í Reykjavík hefur haft því láni að fagna að eiga afar gott samstarf við foreldrafélag MR, sem er það elsta í framhaldsskóla samfélaginu á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hafa fulltrúar þess stutt skólann vel og tekið virkan þátt í starfi nemenda og forvarnastarfi skólans sem starfsmenn skólans telja að sé verulega að skila sér í betra og heilbrigðara félagslífi.

Rétt er að geta þess **enn og aftur** að til að halda úti góðu og öflugu skólastarfi í Menntaskólanum í Reykjavík þarf að verða breyting á fjárframlögum hvers nemenda og tryggja skólanum ásættanleg fjárframlög. Það er alls ekki ásættanlegt að fjárframlög hvers nemenda við Menntaskólann í Reykjavík sé það lægsta á landinu ár eftir ár og að ekkert tillit virðist tekið til samsetningu nemenda og aðstöðuleysis sem nemendur búa við. Þá er einnig rétt að benda á það enn einu sinni að afar erfitt er fyrir skólann að uppfylla markmiðssetningar og lögboðna skyldu þegar ofan á bága fjárhagsstöðu bætist óviðunandi ástand í húsnæðismálum. Skólayfirvöld Menntaskólans í Reykjavík treysta því að hér verði bætt úr. Það er vilji starfsmanna Menntaskólans í Reykjavík að sinna sérhverjum nemenda sem skólinn sækir á viðunandi hátt og samkvæmt lögboðnum rétti nemandans og lögboðnum skyldum skólans.

Virðingarfyllst,

Yngvi Pétursson, rektor
Menntaskólans í Reykjavík

FYLGISKJÖL

Rekstraráætlun 2014

| Helstu liðir | #NAME? Rauntölur | #NAME? #NAME? | Breyting milli ára | % |
|--|---------------------|------------------|-----------------------|-------------------|
| Launakostnaður | 505.640.868 | 509.516.387 | 3.875.519 | 0,8% |
| Ferðir o.fl. | 1.761.839 | 1.805.005 | 43.166 | 2,5% |
| Rekstur | 10.357.437 | 10.400.000 | 42.563 | 0,4% |
| Þjónusta | 14.508.251 | 14.600.000 | 91.749 | 0,6% |
| Húsnæði | 62.296.073 | 63.760.000 | 1.463.927 | 2,3% |
| Bifreiðar | 246.716 | 255.000 | 8.284 | 3,4% |
| Skattar, fjármagnskostn. | 136.177 | 140.000 | 3.823 | 2,8% |
| Eignarkaup | 10.074.365 | 7.000.000 | -3.074.365 | -30,5% |
| Tilfærslur | 163.000 | 165.000 | 2.000 | 1,2% |
| Rekstrarkostnaður alls | 605.184.726 | 607.641.392 | 2.456.666 | 0,4% |
| Sértekjur | 40.005.307 | 33.200.000 | -6.805.307 | 0 |
| Mismunur tekna og gjalda | 565.179.419 | 574.441.392 | 9.261.973 | 1,6% |
| Afstemmingartala úr síðunni innlestur: | | 574.441.392 | | |
| Til ráðstöfunar | | | | |
| skv. fjárlögum | 544.400.000 | 562.700.000 | 18.300.000 | 3,4% |
| frá fyrra ári | 15.238.619 | 10.912.149 | -4.326.470 | -28,4% |
| annað 2013: námsc | 16.452.949 | 900.000 | -15.552.949 | -94,5% 2013: náms |
| Fjárheimildir alls | 576.091.568 | 574.512.149 | -1.579.419 | -0,3% |
| Rekstrarafkoma ársins | 10.912.149 | 70.757 | Afgangur | |

Rekstraryfirlit 2013 (sjá meðfylgjandi skrá)

[Rekstraryfirlit Menntaskólans í Reykjavík 2013](#)